

## REGLUGERÐ

### um framkvæmd samræmdra prófa í grunnskóla.

#### 1. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar prófanefnd til þess að skipuleggja og sjá um samræmd próf í grunnskóla skólaárið 1977—78. Fela má nefndinni önnur verkefni ef ráðuneytið telur það æskilegt enda fallist nefndin á það.

#### 2. gr.

Í nefndina skal skipa einn sérfróðan fulltrúa fyrir hverja þá grein eða greinsamstæðu sem samræmd próf taka til, auk formanns.

Námsmatssérfræðingur veitir nefndinni sérfræðilega ráðgjöf.

Formaður er framkvæmdastjóri nefndarinnar. Ef nefndarmaður forfallast skipar ráðuneytið annan í hans stað.

#### 3. gr.

Prófanefnd skal gera tillögur til ráðuneytisins um fjölda samræmdra prófa, prófgreinar, einkunnastiga og próftíma. Skulu tillögurnar berast ráðuneytinu fyrir 1. apríl.

#### 4. gr.

Prófanefnd setur reglur um framkvæmd samræmdra prófa, mat þeirra og úrvinnslu. Nefndarmenn skulu hver í sinni grein sjá um samningu prófvekefna og matsreglna og hafa í því efni samráð við námsstjóra. Ávallt skulu a. m. k. þrír aðilar, grunnskólakennari, námsstjóri og sérfræðingur í greininni, lesa prófverkefni yfir og skila umsögn um þau. Nefndarmönnum er heimilt, að fengnu samþykki formanns, að ráða sérfróða aðila sér til aðstoðar. Þá er formanni heimilt að fela öðrum sérfróðum aðilum einstök verkefni, ef ástæða þykir til, og skal það gert í samráði við þann eða þá nefndarmenn, sem hlut eiga að máli.

#### 5. gr.

Prófanefnd skal til undirbúnings aðalprófum annast söfnun prófatriða, halda könnunarpróf og sjá um úrvinnslu þeirra. Þá skal nefndin veita skólum upplýsingar um niðurstöður samræmdra prófa eftir því sem við á að mati nefndarinnar.

#### 6. gr.

Prófanefnd skal hafa náð samstarf við námsstjóra í viðkomandi greinum. Þá skal nefndin veita skólastjórum og kennurum svo og öðrum sem þess óska upplýsingar um námsefni til prófs, prófagerð og önnur atriði er varða verksvið nefndarinnar.

#### 7. gr.

Nefndin gerir tillögur til ráðuneytisins um:

1. Skipun prófdómara við samræmd próf.
2. Lágmarkseinkunnir á prófum til inngöngu í framhalds- og sérskóla.

#### 8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 63/1974 um grunnskóla og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 333 frá 11. júlí 1975 um framkvæmd samræmdra prófa í grunnskóla.

*Menntamálaráðuneytið, 3. nóvember 1977.*

**Vilhjálmur Hjálmarsson.**

*Birgir Thorlacius.*